



**161. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands**  
bæjarskrifstofa Stykkishólms kl. 16.00 miðvikudaginn 27. maí 2020

## Fundargerð

**Á fundinum voru:**

Ólafur Adolfsson formaður (ÓA)  
Jakob Björgvin Jakobsson (JBJ)  
Silja Eyrún Steingrímsdóttir (SES) í síma.  
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)  
Trausti Gylfason (TG)  
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)  
Auður Kjartansdóttir (AK)

Fundinn sátu einnig starfsmenn HeV, Árni Gunnarsson heilbrigðisfulltrúi og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem skrifaði fundargerð.

**1. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Staða mála. Fjárhagsáætlun 2020 o.fl.**

ÓA fór yfir stöðu í starfsmannamálum hjá HeV, mögulegt samstarf og breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum á suðvestur horni landsins. Þá fór hann yfir fjárhagsstöðu HeV það sem af er ári og horfur fyrir 2020. Ljóst er að Covid-19 faraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á tekjuöflun og eftirlitsferðir hjá starfsmönnum HeV síðustu vikur.

ÓA greindi frá því að aðalfundur HeV væri 15. júní n.k í Borgarnesi og þar myndi hann hætta sem formaður heilbrigðisnefndar.

*Samþykkt að heimila nefndarmönnum að mæta á aðalfundinn.*

**2. Starfsemi Líflands Grundartanga. Umsókn um starfsemi kornmyllu. Svar frá lögfræðingi MAST, dagsett 20.04.20.**

Fyrirtækið sótti um starfsleyfi fyrir færslu á kornmyllu fyrirtækisins frá Reykjavík til Grundartanga, í febrúar s.l. Ekki hefur verið hægt að svara fyrirtækinu um hvort gefið verður út starfsleyfi vegna nokkura atriða sem taka til þess hvort matvælafyrirtæki geti verið í næsta nágrenni og á þynningarsvæði stóriðju, hvort starfsemin falli að gildandi skipulagi sveitarfélagsins og ef starfsleyfi verður gefið út hvort að HeV eða MAST muni fara með eftirlitið, með vísun í úrskurði frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti um svipað efni. Gögn framlögð og rædd.

*Nefndin samþykkir að fela formanni að boða til fundar með fyrirtækinu og MAST.*

**3. Urðunarstaður, Hrafnkellstaðir, Grundarfirði. – Samskipti UST, HeV og Grundarfjarðar.**

Bréf frá bæjarstjóra Grundarfjarðar til UST dagsett, 15.05.20.

*Nefndin tekur undir bréf bæjarstjórans og undrast þau hörðu viðbrögð sem UST hefur viðhaft í málinu. Að mati nefndarinnar gefa aðstæður á urðunarstaðnum ekki tilefni til slíkra viðbragða og eru líklega á misskilningi byggð.*

**4. Umhverfismál við Fitjaá í Skorradal, framhald.**

Búið er að fjarlægja búkolluna við Fitjaá.

*Nefndin samþykkir að falla frá fyrri áformum um dagsektir.*

**5. Faggilding rannsóknarstofa vegna sýnatöku á neysluvatni.**

Efnagreining ehf Hvanneyri. Lögfræðialit MAST vegna fyrirspurnar HeV um faggildingu rannsóknastofa, dagsett. 29.04.20.

*Nefndin áréttar að samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 og reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 skal opinber eftirlitsaðili með neysluvatni láta rannsaka sýni á faggiltum rannsóknarstofum með faggiltum rannsóknaraðferðum. Starfsmönnum falið í samráði við formann að senda fyrirtækinu álit MAST vegna málsins.*

**6. Mjólkurhús.** Sýnataka af neysluvatni matvælafyrirtækja/mjólkurhús og eftirlit. Fyrirspurn frá MAST dagsett 22.05.20.

*Samþykkt að fela starfsmönnum HeV að setja sýnatökur af neysluvatni í mjólkurhúsum á Vesturlandi í sýnatökuáætlun.*

**7. Hundar á gististöðum, tímabundið.**

Íslandshótel, 2 staðir á Vesturlandi biðja um undanþágu vegna hundahalds á gistihverbergjum. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

*Nefndin samþykkir að veita tímabundna undanþágu vegna hundahalds á Íslandshóтели í Reykholti og Stykkishólmi með skilyrðum.*

**8. Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.** – Bréf frá UST. 22.04.20

Sjá betur á [www.ust.is/loft/loftgaedi/hreint-loft-til-framtidar/](http://www.ust.is/loft/loftgaedi/hreint-loft-til-framtidar/)

*Nefndin mun vinna að gerð viðbragðsáætlana um loftgæði sveitarfélaganna á Vesturlandi á haustmánuðum og skila til Umhverfistofnunar fyrir desember 2020.*

**9. Umgengni á lóð í Búðardal. Framhald.**

Lóðarhafi hefur beðið um frest til 25. júní n.k að fjarlægja bílana og hreinsa til á lóð.

*Nefndin samþykkir að veita umbeðinn frest.*

**10. Starfsleyfisdrög í auglýsingu skv. ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018.**

Olís Esjubraut 45, Akranesi. Bensínafgreiðslustöð. Auglýsingatíma lýkur 10. júní n.k. Framlagt.

**11. Útgefin starfsleyfi eftir auglýsingu**

Blikksmiðja Guðmundar, Akranesi

Vignir Jónsson fiskvinnsla/hrognavinnsla Akranesi

Norðanfiskur fiskvinnsla, Akranesi.

KG fiskverkun ehf. Rifi

Agustsson ehf Hamraendum 1 og Austurgötu 12 Stykkishólmi – fiskvinnsla/skelfiskvinnsla

Terra Umhverfisþjónusta hf, Höfðasel 15 Akranesi.

Gáma flokkunarstöð Höfðasel 16 Akranesi (Terra Umhverfisþjónusta ehf f.h Akraneskaupsst).

*Staðfest.*

## **12. Undanþága vegna aldur ungmenna til sölu tóbaks.**

Kvikk- Basko verslanir ehf. Skagabraut 43. 2 undanþágur.

*Staðfest.*

## **13. Starfsleyfi.**

Sansa veitingar ehf. Smiðjuvellir. Veitingaverslun – Nýr rekstraraðili

Grillhúsið, Brúartorg 6, Borgarnesi. – Veitingastaður – Endurnýjun

N1 ehf. – Hyrnan, Brúartorgi 1. Veitingastaður – Endurnýjun

Pastel Hárstofa, Norðurtanga 1, Ólafsvík. Hársnyrtistofa. – Nýr rekstraraðili

Ferðapjónustan Suður-Bár, gististaður. – Endurnýjun.

Veislur og viðburðir ehf. Gamla Kaupfélagið. Veitingastaður, samkomuhús. – Endurnýjun

Kræsingar ehf. Sólbakki 11, Borgarnesi. Matvælavinnsla, veisluedhús. – Endurnýjun.

La Colina, Hrafnakletti 1b, Borgarnesi. Veitingastaður - Endurnýjun.

Rauðbrók ehf, Hótel Bifröst, veitingar og gisting. – Nýr rekstraraðili.

Snyrtistofan Mey, Smiðjuvöllum 17, Akranesi. – Nýtt leyfi.

Sjúkraþjálfun Akraness, Suðurgata 126, Akranesi – Nýtt leyfi.

Líkamsræktarstöð Cbox7, Sólvellir 7, Grundarfirði – Nýtt leyfi.

Vatnsveita frístundabyggðar Selborga , í landi Urriðaár Borgarbyggð. – Nýtt leyfi.

Háafell, Dalabyggð, gististaður/frístundahús.- Nýtt

Bjarg, Borgarnesi. – gististaður. – Endurnýjun.

Fitjar, Skorradal. Gistiskáli/samkomuhlaða. – Nýtt

Varmaland Villa, Furuhlíð 4, Varmalandi. Gististaður – Endurnýjun.

Sundlaugin Hlöðum, Hvalfjarðarsveit. – Endurnýjun.

*Ofangreind starfsleyfi staðfest.*

## **14. Undanþágu vegna fjölda starfsmanna við laugagæslu minni lauga.**

Sundlaugin Hlöðum, Hvalfjarðarsveit.

*Undanþága staðfest*

## **15. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitingastaða.**

Veislur og viðburðir ehf. Gamla Kaupfélagið. Veitingastaður- Endurnýjun

Rauðbrók ehf, Hótel Bifröst, veitingar og gisting. – Nýr rekstraraðili.

La Colina, Hrafnakletti 1b, Borgarnesi. Veitingastaður - Endurnýjun.

*Framlagt.*

## **16. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi gististaða.**

Bjarg, Borgarnesi. Gististaður. – Endurnýjun

Háafell, Miðdölum, Dalabyggð. Gististaður/frístundahús. – Nýtt.

Varmaland Villa, Furuhlíð 4, Varmalandi. Gististaður – Endurnýjun.

*Framlagt.*

## **17. Umsagnir vegna skipulagsmála og fl.**

Eyja – og Miklaholtshreppur, deiliskiplagstillaga fyrir Miðhraun 2.

Hvalfjarðarsveit, deiliskipulag fyrir Vatnaskóg.

Borgarbyggð, breyting aðalskipulags, Kárastaðir.

Akranes, skipulagslýsing aðalskipulags 2005-2017, breyting.

Hvalfjarðarsveit, vegna erindis um asbestslögn í landi Ytra Hólms.

Borgarbyggð, breytt deiliskipulag fyrir svæði á Bjargslandi II, Borgarnesi.

*Framlagt.*

## 18. Önnur mál.

- a. **Covid-19 faraldur.** – Formleg beiðni frá sóttvarnarlækni um aðkomu HES vegna eftirlits með sýkingavörnum í íþróttamannvirkjum, sundlaugum og skemmtistöðum, dagsett 15.05.20. Leiðbeiningar frá sóttvarnalækni vegna sundstaða, líkamsræktarstofa, tjaldsvæða og fleira. Auglýsing nr. 360/2020 frá Heilbrigðisráðuneyti um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

*Rætt um mikil áhrif faraldursins á hina ýmsu starfsemi á svæðinu og á samfélagið allt. Nefndin hvetur einstaklinga sem og forsvarsmenn fyrirtækja að halda áfram að standa vaktina gagnvart faraldrinum og hvetur til vitundarvakningar um sýkingavarnir hvar sem fólk kemur saman. Jafnframt vill nefndin hrósa fyrirtækjum og íbúum Vesturlands fyrir góða frammistöðu í baráttunni við Covid19 síðustu vikur.*

- b. **Fráveitumál.** Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveitupplýsingar frá HeV 2018 sent til UST vegna samantektar umhverfisskýrslu um fráveitu Evrópuríkja.
- c. **Sýnataka á Langasandi, Akranesi.** Samkomulag við umhverfis- og skipulagssvið um sýnatöku árið 2020.
- d. **Fráveita á Akranesi.** Beiðni um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunnar útrásar fráveitu við Steinsvör, Akranesi. Umsókn frá Veitum til Akraneskaupsstaðar.
- e. **Ný reglugerð um opinbert eftirlit nr. 234/2020.** Námskeið fyrir HES og MAST 13., og 15. maí. Starfsmenn greindu frá helstu atriðum á námskeiðinu.
- f. **Skýrsla um MAST 2017.** Atvinnu – og nýsköpunarráðuneytið
- g. **Áhrif frá skoteldum.** Bréf frá Umhverfisaráðuneyti 300420

*Framlagt.*

Stjórnarmenn þökkðu Ólafi fyrir samstarfið og hans störf fyrir Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Fundi slitið kl: 18:15